



Arion banki hf.

Reglur um rafræna atkvæðagreiðslu á hluthafafundum

Samkvæmt ákvæði 13.2 samþykkt bankans og 80. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 skulu hluthafar eiga kost á því að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafunda bankans annað hvort skriflega eða með rafrænum hætti.

Í samræmi við ofangreint ákvað stjórn bankans að hluthafar eigi þess kost að kjósa um mál sem eru á dagskrá hluthafafunda bankans með rafrænum hætti. Um rafræna atkvæðagreiðslu á hluthafafundum gilda eftirfarandi reglur:

1. Rafræn atkvæðagreiðsla fer fram í gegnum kosningakerfi Lumi með Lumi AGM veflausninni. Virkni veflausnarinnar krefst þess að tæki hluthafa séu tengd netinu. Til þess að geta kosið með rafrænum hætti þurfa hluthafar að óska eftir aðgangsupplýsingum, þ.e. notendanafni og lykilorði í gegnum vefsíðuna <https://www.lumiconnect.com/meeting/arionbankagm2025>. Hluthöfum, sem jafnframt eru lögaðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja aðalfundinn, er bent á að tryggja að sá aðili sem sækir um aðgang hafi til þess heimild.
2. Í Lumi AGM kerfinu koma fram upplýsingar um nafn hluthafa, kennitölu, hlutafjäreign og fjölda atkvæða sem hluthafi fer með á hluthafafundi. Þá koma fram þær tillögur sem greiða á atkvæði um á hluthafafundi. Hluthafi getur greitt atkvæði með því að (i) samþykkja tillögu (SAMÞYKKI), (ii) hafna henni (Á MÓTI) eða (iii) greiða ekki atkvæði um hana (SIT HJÁ).
3. Ef stjórnarkjör fer fram á hluthafafundi skal hluthafi velja nöfn þeirra frambjóðenda til stjórnar bankans sem hann vill greiða atkvæði sitt. Ef nöfn frambjóðenda til stjórnar bankans eru jafnmörg fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal, er sjálfkjörið í stjórn bankans og verður þá ekki hægt að greiða atkvæði við þann dagskrárlið.
4. Ef kjör nefndarmanna til setu í tilnefningarnefnd fer fram á hluthafafundi skal hluthafi velja nöfn þeirra frambjóðenda til tilnefningarnefndar sem hann vill greiða atkvæði sitt. Séu nöfn frambjóðenda til setu í tilnefningarnefnd jafnmörg fjölda þeirra nefndarmanna sem kjósa skal í tilnefningarnefnd, teljast þeir sjálfkjörnir og verður þá ekki hægt að greiða atkvæði við þann dagskrárlið.
5. Fundarstjóri skal kanna hvort fjöldi atkvæða hluthafa sem tilgreindur er í Lumi sé í samræmi við fjölda atkvæða sem viðkomandi hluthafi fer með á fundinum samkvæmt hlutaskrá bankans sem liggur fyrir á fundinum. Gæti ósamræmis skal miða við þann fjölda atkvæða sem fram kemur í hlutaskránni á fundardegi.
6. Hluthafa, sem greitt hefur atkvæði með rafrænum hætti samkvæmt reglum þessum, er heimilt að sækja hluthafafund, hvort sem hann er haldinn með rafrænum hætti eða í eigin persónu og greiða þar atkvæði. Ef um rafrænan hluthafafund er að ræða og hluthafi kys aftur, hvort sem það er utan hluthafafundar eða þegar fundurinn stendur yfir, gildir síðasta atkvæðagreiðsla. Ef hluthafafundur er ekki haldinn með rafrænum hætti falla öll þau atkvæði sem hluthafi hefur greitt með rafrænum hætti niður við skráningu á fundinn.
7. Arion banki hf. áskilur sér allan rétt til að óska staðfestingar á öllum atkvæðum sem greidd eru með rafrænum hætti, þar á meðal en ekki takmarkað við, að óska staðfestingar frá viðkomandi hluthafa, með þeim hætti sem bankinn telur viðunandi á hverjum tíma. Vakni efasemdir um lögmæti atkvæðis sem greitt hefur verið með rafrænum hætti er heimilt að setja það til hliðar þar til fullvissa er fengin um lögmæti þess. Fáist ekki fullvissa um lögmæti atkvæðis skal fundarstjóra heimilt að úrskurða það ógilt.